



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Heimsendir í íslenskri goðafræði og öðrum trúarbrögðum.

Ritgerð til BA prófs í íslensku sem öðru máli

Alina Medvedeva

September 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska sem annað mál

Heimsendir í íslenskri goðafræði og öðrum trúarbrögðum.

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Alina Medvedeva

Kt.: 250586-3029

Leiðbeinandi: Jón Yngvi Jóhannsson

September 2013

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaverkefni til B.A. prófs í íslensku sem öðru máli við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Markmið ritgerðarinnar er að kynna trúarbrögð og hugmyndaheim norræna manna og Íslendinga til forna, að kynna hugmyndir þeirra um endalok heimsins og ennig að bera þær saman við kristilegar og indóevrópskar hugmyndir um heimsendi. Til að ná þessum markmiðum verður fjallað um norræna goðafræði og Eddukvæði – varðveitt rit um norræna goðafræði. Kynntar verða hugmyndir Eddukvæða um sköpun heimsins og endalok veraldarinnar. Fjallað verður sérstaklega um Völuspá - kvæði um endalok heimsins og Ragnarök – spá um heimsendi. Í síðasta kafla ritgerðinnar verður fjallað um Ragnarök í samanburði við kristnar hugmyndir um heimsendi.

Efnisyfirlit

ÁGRIP	1
INNGANGUR.....	3
2. TRÚARBRÖGD NORRÆNA MANNA	4
2.0 HEIÐNI. ÓLÍKAR MERKINGAR ORÐSINS	4
2.1 UPPRUNI HEIÐNINNAR TRÚAR Á ÍSLANDI.....	6
2.2 HEIMILDIR UM NORRÆNA GOÐAFRÆÐI	7
3. NORRÆN GOÐAFRÆÐI OG INDÓEVRÓPSKI SAGNAARFURINN.....	11
3.0 HEIMSMYND NORRÆNA MANNA	11
3.1 NORRÆNA GOÐIN OG GYÐJUR.....	11
3.2 INDÓEVRÓPSKI SAGNAARFURINN.....	12
4. SKÖPUN OG ENDALOK HEIMSINS Í BÓKMENNTATEXTUM	14
4.0 GOÐSAGNIR UM ENDA VERALDAR.....	14
4.1 VÖLUSPÁ. SKÖPUN OG ENDALOK HEIMSINS.....	15
4.2 RAGNARÖK. SPÁDÓMUR UM ENDALOK HEIMSINS.....	17
4.3 AÐILAR RAGNARAKA OG BODBERAR ÞEIRRA	18
5. GOÐSAGNIR UM ENDA VERALDAR Í ÖÐRUM TRÚARBRÖGDUM	20
5.0 NORRÆNU FJÖLGYÐISTRÚ, EINGYÐISTRÚ OG ALGYÐISTRÚ	20
5.1 RAGNARÖK Í SAMANBURÐI VIÐ KRISTILEGAR HUGSANIR UM HEIMSENDI	21
5.2 NÚTÍMA GOÐSAGNIR UM HEIMSENDI	26
LOKAORÐ	27
HEIMILDASKRÁ.....	28

Inngangur

Munu ósánir
akrar vaxa,
böls mun alls batna,
(Völuspá 2008:27)

Trú hjálpar mönnum að skilja sjálfa sig í samhengi við umhverfi sitt. Með trúarbrögðunum reyna menn að lifa í samfélagi við þau öfl sem þeir trúa á. Trúin svarar einnig ýmsum spurningum um tilveru manna sem ekki verður svarað með vísindarannsóknum eða röklegum hætti, t.d. um framhaldslíf og endurholdgun. Guðdómurinn birtist mönnum með ýmsum hætti og þeir votta honum hollustu sína með margvíslegu móti. Sameiginleg öllum trúarbrögðum er lotning og virðing fyrir guðum, hvaða nafni sem hann nefnist.

Trú á annað líf eða eilíft líf í einhverri mynd einkennir flest trúarbrögð. Flestar goðsagnir sem trúarbrögð grundvallast á skýra enn fremur frá sköpun heimsins og þeirra sem hann byggja. Mörg trúarbrögð mótast út frá baráttu tveggja aflu – tvíhyggju góðs og ills, en stærstu andstæðurnar birtust mönnum í lífi og dauða.

Spádómar um heimsendi hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda. Í flestum trúarbrögðum má finna sögur um endalok alheimsins. Ímyndir kristinna manna um endalok alheimsins eru tengdar við heimsendi eða svokallaðan dómsdag en þá deyja mennirnir og eyðast. Þessi hugmynd um dómsdag snýst um endanlegt uppgjör góðs og ills. Heimsendir sem ákveðinn tímapunktur þegar heimurinn líður undir lok kom inn í gyðingdóm og barst þaðan yfir til kristni og íslam frá zóróaster átrúnaðinum sem var ráðandi í Persíu kringum upphaf tímatalis okkar. Vel þekkt er orðið „apocalypse“ sem táknar heimsendi, það er komið úr grísku en löngu fyrir upphaf tímatalis okkar voru á reiki heimsendakenningar um endalok veraldarinnar sem kallast „apokalyptík“. Í öllum þekktum trúarbrögðum er heimsendir ekki endalok alheimsins í raun og veru, heldur endurfæðing. Heimurinn eyðist og endurfæðist.

Heimsslitafræði er grein sem fæst við endalok alheimsins eða mannkynsins. Hún er óaðskiljanlegur hluti af öllum trúarbrögðum. Hugmyndir um ólík endalok alheimsins í ólíkum trúarbrögðum hafa afgerandi áhrif á trúarbrögðin sjálf, áhrif á hugsanir manna, tilfinningar, sálarlíf, vilja og atferli þeirra. Tilvist goðsagna um endalok heimsins segir okkur margt um þróun mannanna og samfélagsanna sem skapaði þær.

2. Trúarbrögð norrænna manna

2.0 Heiðni. Ólíkar merkingar orðsins

Í fornöld hafði hvert samfélag eigin trú og andlegar hefðir. Heiðni er hefðbundin trú eða ákveðinn lífstíll á ákveðnum landsvæðum sem er byggð á andlegum grunni. Við þróun samfélagsins voru nánast öll hefðbundin viðhorf og trúarbrögð þurrkuð út og í staðinn komu helstu trúarbrögð heims eins og við þekkjum þau – kristin trú, íslam, hindúismi, búddismi og gyðingdómur.

Forfeður okkar þurftu ekki að hafa nafn á trú sinni því að skoðanir þeirra á heiminum og stöðu sinni í honum voru þeim eðlilegar. Þeir vissu ekki um tilvist „trúar“ annarra manna og allir hlutir sem skilgreindu tilgang lífsins fyrir þeim byggðust á hefðum eða siðvenjum, hvort það voru listir, sambönd innan ættkvíslar, skipulag stjórnvalda, verslun, eða landbúnaður.

Nafnorðið „heiðingi“ í *Íslenskri orðabók* (Mörður Árnason 2010:373) á sér margar merkingar:


- 1) maður sem ekki játar kristna trú.
- 2) maður sem ekki játar nein æðri trúarbrögð.
- 3) ófermdur maður.
- 4) trúleysingi.
- 5) sá sem býr á heiði, úlfur.

Lýsingarorðið „heiðinn“ hefur líka margar ólíkar merkingar í íslensku:

- 1) sem er heiðingi, ókristinn; guðlaus; *heiðinn siður* Ásatrú; *heiðinna manna heilsa* fornannaheilsa, góð heilsa.
- 2) ófermdur, illa upplýstur um trúmál.
- 3) sem vantar á: *heiðinn klyfberi* gjarðalaus klyfberi; verlaus (um sæng): *sofa í heiðnu rúmi*; bryddingalaus; auður, óskrifaður: *heiðin blaðsíða*; sviplaus, eyðilegur: *þetta er svo heiðið*.

Yfir 88% allra jarðarbúa aðhyllast eða treysta á eitthvað af eftirfarandi: kristni, hindúatrú, Búddisma, íslam, kínversk trúarbrögð eða trúleysi. Ef, samkvæmt fyrstu skýringu orðabókarinnar, lýsingarorðið *heiðinn* merkir „óskristinn“, þá eru um 2,1 milljarður manna eða um tveir þriðju hlutar jarðarbúa sem aðhyllast kristna trú „óskristnir“. Samkvæmt skýringu nafnorðsins heiðingi er það maður sem ekki aðhyllist nein „æðri“ trúarbrögð en þá er alls ekki skýrt hvernig má greina ein trúarbrögð öðrum æðri (Eyja Margrét Brynjarsdóttir 2002). Í orðabókinni er líklega átt við eingyðistrú eins og, t.d. kristni, eða íslam, og þess vegna eru slík trúarbrögð kölluð „æðri trúarbrögð“. Ef samkvæmt fjórðu skýringu nafnorðsins það að vera *heiðinn* er að vera „trúlaus“, þá er líka erfitt að svara um fjölda „trúleysinga“ í veröldinni því að þanning eru um 12 til 23% jarðarbúa eru „trúleysingar“, eins og áður var nefnt áður eru kristnir um 2,1 milljarður manna, múslimar eru um 1,5 milljarðar, fjögur önnur

trúarbrögð fylla flokk sem heitir *dharma* (hindúismi, búddismi, jánismi og síkismi) og samkvæmt inniheldur um 1,5 milljarða og Gyðingar sem eru 14-18 miljónir (*Wikipedia* 2013: Major religious groups; Trúarbrögð).



Tafla 1

Trúarbrögð heims í hundraðshlutum samkvæmt *World Factbook* (*Wikipedia* 2013: List of religious populations)

Rætur merkingar orðsins „ófermdur“ eða illa upplýstur um trúmál má rekja til gamalla tíma þegar fermingin var endapunktur á trúarfræðslunni sem öll börn þurftu að fara í gegnum. Í nútímanum þurfa trú og menntun þurfa alls ekki að tengjast hvert öðru því að margir fullorðnir menn eru illa upplýstir um trúmál ólíkt vel upplýstum unglingum. En líklega má segja að flestir séu illa upplýstir um trúmál, sín eigin og væntanlega önnur trúarbrögð að sama skapi og þannig má gera ráð að heimurinn sé fullur af heiðingjum (Eyja Margrét Brynjarsdóttir 2002).

Merking lýsingarorðsins *heiðinn* í merkingunni „sem eitthvað vantar á“ getur átt við um menn, en það er óskynsamlegt að segja að einhver manneskja sé verlaus eða bryddingalaus. Svipað gildir um fimmtu merkingu lýsingarorðsins *heiðingi* því að víst er um það að fáir menn eru úlfar (Eyja Margrét Brynjarsdóttir 2002).

Merkingin orðsins *heiðinn* fyrir þann „sem aðhyllist Ásatrú“ er ekki gömul því

að fyrr á öldum átti við um Íslendinga sem tóku kristna trú að þeir heldu áfram að trú á fornu goðin, blóta á laun, þeir voru þannig heiðnir eða aðhylltust heiðinn sið. Í hugum kristinna Íslendinga á miðöldum samsvaraði það kannski því að vera ekki kristinn því að vera trúlaus. Nú orðið er þetta orð stundum notað um þá sem tilheyra ásatrúarsamfélaginu sem var stofnað sumardaginn fyrsta árið 1972 og viðurkennt af sjórnvöldum sem trúfélag árið eftir (Sölvi Sveinsson 2006:148).

2.1 Uppruni heiðninnar trúar á Íslandi

Víkingaöld gegndi mikilvægu hlutverki á landsvæðum og eyjum í Norður Atlantshafi. Ísland, Færeyjar og Grænland voru landnám skandinavískra bænda. Talið er að orðsifjar orðsins Skandínavía séu norskar orðið *skodde* og merkir eyja (Guðrún Gísladóttir 2000). Á Íslandi var ekki fjöldi víkinga í bókstaflegri merkingu og fyrir utan hugsanlega tilvist nokkurra munka frá Írlandi voru þessi svæði óbyggð. Það var þess vegna enginn til að berjast við og enginn til að ræna. En það var fullt af landi þar sem var hægt að búa og framleiða mat. Landnemar frá Norðurlöndum fluttu með sér fjölskyldurnar, nautgripi og alla lausafjármuni. Þeim tókst að skapa nýtt samfélag. Þeir sem þorðu að fara yfir hafði til að nema land á þessum nýju svæðum komu að mestu frá Noregi, þar sem menn voru heiðnir. Þeim hafði tekist að skapa nýtt samfélag á lífsforsendum og trúarbrögð sín sem þeir iðkuðu um aldir.

Umhverfisaðstæður á Íslandi gætu hafa verið svipaðar eða jafnvel betri en umhverfisaðstæður flestra hluta Noregs. Fyrir landnema var einfalt að bera saman heimalandið sitt og Ísland þar sem meginkostir Íslands voru að landið var ósnert og óbyggt en almennt leit allt út eins og það var heima. Það var möguleiki á búfjárrækt, kornrækt, fiskveiði, fuglaveiði og villt ber. Þegar landnemarnir og fólk sem þeir höfðu með frá Bretlandseyjum námu land á Íslandi höfðu þeir með sér sína trú og trúarreynslu. Það er sú heimsmynd sem mótaði trú landnemanna í nýju landi (Gísli Sigurðsson 2000:19), trú sem seinna var kölluð heiðni. Lífið á Íslandi var ekki einfalt. Ísland er land sem má kalla „óþægilegt“ fyrir landnema vegna tíðra náttúruhamfara, jarðskjálfta, hvera og fjölmarga eldfjalla sem á þessum tíma voru virk. Landnemar frá Noregi þekktu að hluta til þessar hörðu umhverfisaðstæður en á Íslandi lífið var samt betra – mikið landrými, góðir hagar fyrir nautgripi, fullt af fuglum, selum, fullt af fiski í sjó, vötnum og ám. Þekking þeirra, viska og goðin sem þeir höfðu með og innra með sér hjálpaði þeim að komast í gegnum alla erfiðleikana.

2.2 Heimildir um norræna goðafræði

Norræn trú er hluti af germönskum heiðindómi sem var við lýði í löndum sem byggð voru af germönskum þjóðflokkum víðs vegar um norður og Mið-Evrópu. Heimildir um norrænan heiðindóm eða heiðni hafa víða fundist við fornleifagröft. Fornleifarannsóknir eru mikilvægar heimildir um trúarlíf norræna manna á fyrri öldum. Þær þarf hins vegar að túlka sem getur reynst fræðimönnum erfitt (Ingvar Sigurgeirsson og fl. 1982:61). Af þeim gröfum sem fundist hafa frá heiðnum tíma má gera ráð fyrir að menn hafi litið á dauðann sem ferðalag til annars heims (Sölvi Sveinsson 2006:125). Þetta má túlka út frá því að oft var hinn látinn í faratæki eins og skip, eða bát eða lagður til hinstu hvílu með hest sér við hlið. Rúnir, bergristur og ýmsir munir sem fundist hafa geta gefið upplýsingar um trúna sjálfsímyndina, guði og goðsögur. Styttur af guðum hafa einnig fundist í jörðu (Sölvi Sveinsson 1993:25).

Vitneskja um heiðni kemur líka úr bókmenntum sem skrifaðar voru eftir kristnitöku á Norðurlöndum, að mestu á Íslandi. Af öllum norrænum þjóðum varðveittu Íslendingar hina fornu goðafræði best. Ritaðar heimildir sem vísa til norrænnar heiðni voru skrifaðar eftir að heiðni hafði vikið og kristni tekið völdin. Á Íslandi hafði það tekið kristni lengri tíma en víða á Norðurlöndum að festa rætur vegna staðsetningar landsins og fjarlægðar frá nágrannalöndum. Ritöld hófst með tilkomu kristinnar, en með henni barst latneska stafrófið en Íslendingar urðu að þessum tíma ein helsta „bókmenntaþjóð í heiminum“. Stærsti hluti íslenskra heimilda sem eru þekktar í dag eru frá 13. öld. Heimildir um norræna trú og norræna goðafræði teljast frekar óskipulegar því að trúarbrögðin sjálf voru löngu liðin undir lok þegar ritöld hófst á Norðurlöndum (Hjalti Hugason og Jón Hnefill Aðalsteinsson 1988:70). Þó teljast bókmenntaheimildirnar helstu heimildir um norrænna goðafræði og eru þeirra helstar Eddukvæði í Konungsbók og Snorra-Edda (Einar Laxness 1995:47). Aðrar ritaðar heimildir, þó í minna mæli, má einnig finna á hinum Norðurlöndum og í ritum t.d. Araba og Rómverja (Hjalti Hugason og Jón Hnefill Aðalsteinsson 1988:3).

Konungsbók Eddukvæða er frægt íslenskt skinnhandrit sem er ritað af óþekktum skrifara og það er einnig elsta safn Eddukvæða sem varðveist hefur verið. Hún er án efa merktasta handrit Íslendinga og frægust allra íslenskra bóka á heimsmælikvarða (Ármann Jakobsson 2009:17,22). Eddukvæðum er skipt í tvo flokka, goðakvæði og hetjukvæði þar sem sagt er frá heiðnum goðum og hetjum eins og nöfn flokkana gefa til kynna. Goðakvæði eru um 40 talsins þar er sagt frá norrænu goðunum, Ásum og einnig er greint frá hugmyndum manna um upphaf heimsins, sögu hans og endalok hans.

Meðal þekktustu goðakvæðanna eru fornkvæðin Völuspá og Hávamál, Þrymskviða, Vafþrúðnismál, Skírnismál, Hymiskviða og Lokasenna (Simek 1993:91-92). Hetjukvæðin eru hins vegar sögur frá tímum þjóðflutninganna. Meðal hetjukvæðanna eru Völundarkviða, Fáfnismál, Helreið Brynhildar, Guðrúnarkviður, Atlakviða, Oddrúnargrátur og Sigurðarkviður.

Um allan heim eru þekktar sögur af goðum og hetjum úr Eddukvæðunum. Um höfunda Eddukvæða er ekki kunnugt en efnið kvæðanna er tiltölulega einfalt og áhugavert. Í kvæðum er sagt frá goðum og hetjum en ekki er það síður mikilvægt að kvæðin innihalda reglur um hefðbundna lífsspeki. Hvert kvæði er tileinkað einum sérstökum þætti í lífi goðanna eða hetja. Frægasta kvæðið í Eddu talið vera Völuspá sem rekur sögu heimsins frá sköpun hans til hörmulegs „dauða guðanna“ og síðan endurvakningu heimsins (Ármann Jakobsson 2009:32).

Annað en ekki síður þekkt fornrit er svokölluð Snorra-Edda sem lýsir goðunum og hetjum forntímans. Snorra-Edda er bók í fjórum hlutum sem er rituð af Snorra Sturlusyni á 13. öld. Fyrsti hluti hennar heitir Prologus og fjallar um upphaf heiðinnar trúar. Prologus er eins konar heimspekilegur inngangur að öllu verkinu.

Annar hlutinn heitir Gylfaginning og er skrifaður í formi spurninga og svara á milli Gylfa sem er „konungur þar sem nú er Svíþjóð“ (Gylfaginning 2006:167) og Óðins í gervi þriggja manna. Gylfi kemur til þeirra sem förumaðurinn sem ferðast milli bæja í Evrópu og kallar sig Ganglera. Í svörum ásanna við spurningum Gylfa fæst yfirlit yfir norrænar goðsagnir allt frá hinum fyrsta jötni Ými, sköpun heimsins og til endaloka hans í Ragnarökum. Mikið er vitnað til kvæða í Konungsbók Eddukvæðanna, t.d. Völuspár, Vafþrúðnismála og Grímnismála.

Þriðji hluti Eddu eru Skáldskaparmál sem hefjast í samtalsformi milli guðs skáldskaparins Braga og sjávarguðsins Ægis. Bragi segir Ægi ýmsar goðsagnir í upphafi sem snúast yfir í skýringar og yfirlit yfir skáldskaparmálið. Skáldskaparmál er handbók ungra skálda þar sem eru tekin mörg dæmi um notkun kenninga og heita úr kvæðum norskra og íslenskra skálda frá ýmsum tímum og oft vitnað til kvæða sem eru glötuð (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 2008).

Seinnasti hluti Snorra-Eddu heitir Háttatal og inniheldur 102 vísur sem sýna hina ýmsu bragarhætti. Talið hefur verið að Snorri hafi skrifað seinnasta hlutann á undan hinum eftir ferðinna sinna til Noregs árið 1220 en bætt síðan framan við Skáldskaparmálum, Gylfaginningu og Prologus. Snorra-Edda veitir víðtækustu og samfelldustu þekkinguna og geymir heillegustu mynd sköpunarsögunnarv (Hjalti

Hugason og Jón Hnefill Aðalsteinsson 1988:9). Snorra-Edda sem er nú ein af mikilvægustu heimildunum um norræna goðafræði var hins vegar upprunalega skrifuð sem kennslubók í skáldskap og þjónaði næstu aldirnar mikilvægu hlutverki á því sviði.

Íslendingarsögur þar sem sagt er frá heiðnum tíma á Íslandi þegar kristni hafði verið samþykkt (þ.e. 10.-11. öldum) eru skrifaðar með nokkuð ólíkum hætti en sögur sem eru skrifaðar á 12.-13. öld. Á 12.-13. öld hefur fólk frekar áhuga á deilum og þess vegna er í sögum þessa tímabils mikið sagt frá hetjum, en lítið um hugleiðingar og tilfinningar manna um heiðni eða kristna trú og hvernig þessi átrúnaður var tengdur í sálfræði fólks í fornu íslensku samfélagi. Mikilvægasta hugsun kristinna predikara var sú að upptaka kristni væri meðhöndluð sem umbreyting í nokkurs konar „nýjan mann“ og að sjálf sögu breytingar á allri mannlegri sálfræði. Gert var ráð fyrir að ef kristin trú væri opinber trú, þá ætti sálfræði fólks að vera „kristin“. En gæti verið að svokölluð „kristinna sálfræði“ í raun sé ekki til? Sönnun fyrir þessu kemur úr fornsögum. Þegar Íslendingar voru heiðnir og einnig eftir að þeir tóku kristni trúðu þeir mikið á örlög og forspár en þessi trú var í raun og veru útbreiddasta trú á Íslandi og hafði hún ekki lokið hlutverki sínu í hegðun fólks, tilfinningum, sálarlífi, vilja og atferli. Þetta má einnig túlka þannig að tilkoma nýrrar, opinberrar trúar hafi ekki valdið mikilli breytingu á trúarlífi og afstöðu til yfirnáttúrulegra fyrirbrigða sem var mest einkennandi fyrir fólk á þeim tíma.

Kristnitaka á Íslandi var öðruvísi en í öðrum Evrópulöndum. Á Norðurlöndum hafði gamalli hefð nánast verið eytt með tilkomu kristni. Forn trú og goðsagnir um alla Evrópu breyttust í ævintýri, fyrirboða og gamlar erfðavenjur en merkingar þeirra var gleymdar. Samt má í sumum fornum kristnum kirkjum finna útskornar rismyndir úr tré sem sýna andlit á fornum goðum og fornar rúnir á hlutum kristinna manna. Í langan tíma varðveittu Íslendingar gamla siði og voru þeir með tvískipta trú. Stundum tóku fornu goðin sér stöðu anda eða illra anda. Goðin voru í metum hjá fólki en kannski á sama hátt og kristnir dýrlingar þó kristnir dýrlingar gleymdust aldrei. Á Íslandi þegar latína kom voru margar fornar goðsagnir, þjóðsögur og helgisögur skrifaðar af kirkjunnar þjónum. Prestar sem samkvæmt sumum heimildum voru einnig áfram heiðnir í hjarta sínu (Sölvi Sveinsson 2006:139-141).

Því miður hverfa hefðir og þess vegna þekking sem forfeður okkar hafa safnað og þróað í aldanna rás við útbreiðslu nýrra trúarbragða í heiminum. Aðeins mjög lítil fjöldi fólks er fær um að varðveita og halda áfram hefð og siðum til næstu kynslóðar. Þann 1. desember 2001 voru meðlimir Ásatrúarsafnaðarins á Íslandi 568 sem teljast

auðvitað ekki margir menn á heimsælikvarða en þó eru þeir að minnsta kosti í einhverjum skilningi „margir“. Einnig eru til sambærilegir söfnuðir í öðrum löndum en fjöldi meðlima þeirra liggur ekki fyrir.

3. Norræn goðafræði og indóevrópski sagnaarfurinn

3.0 Heimsmynd norræna manna

Úr fornum íslenskum heimildum má finna nokkuð góða yfirsýn yfir germönsku heimsmyndina og þótt Snorri Sturluson bætir við hana í Snorra-Eddu ýmsum myndrænum atriðum sem virðast ættaður utan germanska heimsins, er hægt að finna staðfestingu á merkisatburðum Eddanna í öðrum heimildum (Simek 1993:112). Ygdrasill er dæmi um víðtæka trú á trjám sem var til víða í Þýskalandi, Skandinavíu og Bretlandseyjum þar sem tré voru tilbeðin.

Norrænir menn álitu að jörðin sjálf væri flöt og kringlótt og umkringd hafi (Sölvi Sveinsson 2006:93). Í gegnum miðjan heiminn gekk tréð sem hét Yggdrasill. Tréð hafði þrjár rætur og var brunnur undir hverri rótanna – Urðabrunnur í Ásgarði; Mímisbrunnur í Jötunheimum; Hvelgermir í Niflheimi. Heimur sá sem goðin byggir heitir Ásgarður, Æsir og Vanir bjuggu þar. Áfheimurinn – heimili ljósálfa; og Valhalla – staðurinn þar sem bjó þeir sem dóu í bardaga - er í nágrenni við Ásgarði á himinum. Fyrir neðan Ásgarði er bústaður manna sem heitir Miðgarður. Í Eddukvæðum virðist Miðgarður ekki aðeins bústaður manna, hann er einnig víggarður sá sem liggur í kringum hann (Völuspá 2008:4,54). Fyrir utan mannheiminn er Útgarður, þar sem dvergar, dökkálfar og ýmislegt illvættir býr. Í austri eru Jötunheimar þar sem jötnar og hrímþursar bjuggu og skilja fljót þá frá Miðgarði en í norðri undir Miðgarði er staðsettur Hel – dauðarheimurinn. Í norðri var Níflheimur ar sem kaldir vindar blésu og þar var líka Náströnd – dvalastaður fyrir dauða. Náströnd er víða nefnd í íslenskri goðafræði eins og t.d. Völuspá – þar stendur salur úr gulli og snúa dyr hans til norðurs; salur þessi er „undinn orma hyggjum“ og eitur drýpur inn um glugga hans (Völuspá 2008:20). Í Gylfagynningu lýsing Snorra á sal þessum er mjög svipuð en nokkru nákvæmari. Snorri segir um Náströnd að hún liggur í norðri eins og Hel og verður því að teljast staður hinna dauðu (Gylfaginning 2006:234), en lýsing salarins minnir frekar á kristilegar leiðslusýnir um annan heim.

3.1 Norræna goðin og gyðjur

Í víðari merkingu eru öll goðin talin til ása í Eddukvæðum en í norræni goðafræði goðunum er skipt í tvær aðalhöpar: - æsi og vani. Til ása teljast helstu og ædstu norrænu goðin. Einkenni ása var styrki og völd en vanir voru frjósemisgoð. Öll goðin búa í Ásgarði og þar liggur brúin sem heitr Bifröst eða Ásbrú. Í goðsögum um sköpun og

endalok heimsins er enginn munur gerður á uppruna ása og vana, þeir eru nefnd sameiginlega í Eddukvæðum.

Æðstur ása var Óðinn. Um Óðinn segir í Snorra-Eddu: „Óðinn er æðstur og elstur ásanna. Hann ræður öllum hlutum, og svo sem önnur guðin eru máttug þá þjóna honum öll ...Óðinn heitir Alföður, því að hann er faðir allra goða“ (Gylfaginning 2006:189). Þekkingu sína fékk Óðinn annars vegar hjá Mims höfði (Völuspá 2008:23) og hins vegar með því að drekka úr Mímisbrunni, en það fékk hann ekki fyrr en hann lagði annað auga sitt að veði (Gylfaginning 2006:182). Í goðsögnum er Óðinn ímynd drottnarans en í bókmenntum kemur hann fremur sem faðir goðanna. Hann er nefndur Alföður og þetta nafn hefur líklega orðið undir kristnum áhrifum. Kona Óðins hét Frigg og einkennisgripur hennar var valshamur. Í Snorra-Eddu kemur hún fyrst og fremst í goðsögnum um Baldur, sonur hennar og Óðins. Baldur var einn mikilvægasti germanski guðinn af ása ættum því að dauði hans var einn af hátindum norrænnar goðafræði. Lengstu og ítarlegustu kaflar Snorra-Eddu fjalla um dauða Baldurs. Þrumuguðinn Þór ætíð talinn sonur Óðins og bróðir Baldurs. Merkasti einkennisgripur hans er Mjólnir – hamarinn sem er máttugasta vopns hans sem er einnig talin að heiðinni hliðstæðu krosstákns kristinnar (Simek 1993:276). Skáldskaparguðinn Bragi var frægur fyrir visku og orðheppni (Sölvi Sveinsson 2006:75). Kona hans er Iðunn, ein af ásynjum, sem var mjög sjaldan nefnd í ritheimildum. Hernaðargoð Týr var einhendur því að hann missti hana við að fjötra fenrisúlfi. Týr gegndi einnig í göldrum og fjölkynngi. Heimdallur var varðmaður goðanna. Hann er svarinn óvinur Loka og þeir bana hvor öðrum í Ragnarökum. Hann bjó við Bifröst og situr þar við himins enda að gæta brúarinnar fyrir bergrisum. Loki er margbrotnasta og neikvæðasta goðið. Hann er goð án eins afmarkað hlutverks. Loki er faðir óvina goðanna og stundum hjálpar goðunum einnig í erfiðum aðstæðum.

3.2 Indóevrópski sagnaarfurinn

Índóevrópumenn eru kallaðir svo af því að menn sem töluðu mál af sama stofni yfirtóku Indland og Evrópu og (Sölvi Sveinsson 2006:37). Ekki eru allar þjóðir Evrópu indóevrópskar. Baskar, Finnar, Eistar, Samar, Ungverjar og fleiri þjóðir, einkum innan Rússlands, eru af stofni sem kallast finnsk-úgrískur (Sölvi Sveinsson 2006:39).

Eins og áður var nefnt er norræn goðafræði byggð á fornum rótum og telja fræðimenn að skyldleiki sé með henni og goðafræði margra annarra arískra þjóða (Ólafur Briem 1968:7). Þar er um að ræða sameiginleg atriði eins og ýmis ævafor

minni, goðin, goðsögur og hugmyndir sem auðvelt er að sannfærast um að komnar séu af sameiginlegri frummynd frá tímum þjóðflutninganna (Bæksed 1986:11). Án efa er vert að fara varlega í því að alhæfa um upprunan því að mörgu leyti svipaðar goðsagnir má finna víðsvegar um jörðina og það er ekki rétt leið að gefa sér niðurstöður, þó að þær virðist hafa verið fengnar að láni annars staðar frá, vegna þess að þær líkjast hverri annarri (Bæksted 1986:145). Þannig eru goðsagnir indóevrópsku málafjölskyldunnar meira og minna sameiginlegar. Á þjóðflutningatímanum lögðu þessar þjóðir undir sig Indland, Íran og Evrópu en skyldleiki tungumála er ekki síst fölginn í sameiginlegum orðaforða, t.d. er til orð af indóevrópskri rót sem þýðir *himinn* og af henni eru dregin orð sem þýða guð: *deus* á latínu, *dievs* á lettnesku, *deva* á sanskrít, *div* á írönsku, *dievas* á litháísku og á íslensku sögðu menn *tívar* til forna (Sölvi Sveinsson 2006:39). Landnemar víðsvegar um jörðina fluttu með sér trúarbrögð sem voru útbreiddar í heimalöndum þeirra, þó þeir hafi iðkað þau lengi er sennilegt að trúarbrögðin hafi með tímanum tekið breytingum og jafnvel vikið fyrir annarri trú. Hugsanlega er skýringuna á því hvers vegna mörg goðin líkjast hinum indóevrópsku sem t.d. norræni guðinn Óðinn er talinn líkjast hinum indverska *Rudra* og *Varuna* (Bæksted 1986:94) og hinum gríska *Seifi* (Sölvi Sveinsson 1993:42). Þór líkist mjög litháíska guðinum Perkunas og hann er talinn hafa verið fyrirmynd á finnska þrumuguðsins *Ukko* og hinn samíski *Horagalles* sem er talinn afbökun úr orðunum *Þór karl* (Sölvi Sveinsson 2006:66). Frumjötunninn Ýmir er einnig talinn skyldur íranska frumjötuninum *Yima* (Hjalti Hugason og Jón Hnefill Aðalsteinsson 1988:10-11) og hliðstæður við kúna Auðhumlu má finna bæði í persneskum og indverskum sögnum. Líkindi eru einnig milli Baldurs og kanaanska guðsins Baal (Sölvi Sveinsson 2006:70).

Víða eru þekktar goðsagnir meðal indóevrópu eru þær þar sem veröldin er sköpuð vegna fyrstu fórnin. Í indversku sköpunarsögu frummaðurinn *Purusha* sem var með þúsund höfuð, augu og fætur var drepinn af öðrum guðum sem sköpuðu heimurinn – himininn úr höfði, jörðinna úr fótum og loftið úr nöflum (Littleton 2000:330).

4. Sköpun og endalok heimsins í bókmenntatextum

4.0 Goðsagnir um enda veraldar

Goðsagnir um það hvernig heimurinn eða einhver hluti hans varð til eru útbreiddustu frásagnir sem mannkynið hefur látið sér detta í hug að trúa á. Í nútímanum eru til fjöldi goðsagna og þeim má skipta í nokkra flokka, t.d. goðsagnir um dýr og plöntur eða goðsagnir af umbreytingu; goðsagnir um himininn – þar sem er fjallað um sól, tungl eða stjörnurnar; goðsagnir um árstíðir og goð sem deyja og endurfæðast; goðsagnir um sköpun – heimsins, goðanna eða manna; goðsagnir um hetjur; goðsagnir um endalok alheimsins eða mannkynsins.

Skiptingin er skilyrt en einnig hjálpar hún mönnum að ræða um samfélagið sem skapaði goðsagnirnar. Fyrst og fremst þörfuðust menn matar en án skilnings byrjuðu þeir að ímynda sér goðsagnir sem voru tengdar matarvenjum – goðsagnir um dýr og plöntur. Þá fóru menn að velta fyrir sér hvers vegna nótt fylgir degi en skil dags og nætur – ólu af sér goðsagnir um himnanna og himintunglin. Síðan fara menn að gefa gaum að breytingum á veðri og loftslagi á svæðinu þar sem þeir bjuggu – goðsagnir um árstíðir þróast. Þegar menn sem voru búnir að átta sig á því og reikna út hvers vegna nótt fylgir degi spratt forvitni um af hverju og hvernig heimurinn var settur saman. Þannig urðu til goðsagnir um sköpun heimsins. Menn lærðu að nota eld og búa til verkfæri sem gat af sér goðsagnir um hetjur sem á einhver hátt gátu gert lífið auðveldara. Þegar menn höfðu ákveðið fyrir sig hvernig allt var skapað, byrjuðu þeir að velta fyrir sér endalokunum. Þannig komu fram goðsagnir um endalokin.

Goðsagnir um upphaf og endalok alheimsins eru meðal elstu og mikilvægustu goðsagnir í menningu þjóðanna. Í sumum frásögnum til dæmis í fyrstu Mósesbók er sagt að heimurinn hafi verið skapaður úr engu. Hinir fornu Ariar komu fram með þá hugmynd að alheimurinn væri byggður „ópersónulega“, án skapara. Í raun væri alheimurinn sjálfur í hlutverki skaparans. Sköpunargoðsagnir Egypta, Ástrala, Kínverja, Grikkja og Maya indíána lýsa sköpun alheimsins úr engu. Í mörgum eldri goðsögnum þjóðanna er guð almáttugur.

Aðrar gerðir af sköpunargoðsögnum eru þær sem segja frá „foreldrum“ alheimsins sem voru drepnir af afkvæmi eða yngri goðum. Í Babýlonísku sköpunarsögunni „Enuma elish“, ala foreldrar alheimsins Apsu og Tiamat afkvæmi sem síðar berst við foreldra sína. Afkvæmin bera sigur úr bítum og skapa heiminn úr líkama foreldra sinna (Littleton 2000:84-86). Það minnir um margt á sköpunarsögu *Snorra-*

Eddu þar sem Snorri segir að jörðin hafi verið sköpuð úr frumverunni Ými þegar goðin drápu hann.

Heimsslitafræði er grein sem fæst við endalok alheimsins og mannkynsins. Hún er óaðskiljanlegur hluti af öllum trúarbrögðum. Hugmyndir um ólík endalok alheimsins í ólíkum trúarbrögðum hafa afgerandi áhrif á trúarbrögðin sjálf og eru einnig rökréttar niðurstöður þeirra. Umfjöllun goðsagna um endalok segir mikið um þróun mannsins og samfélagsins sem mótaði hann. Frumstæður maður mundi aldrei hafa áhuga á endalokum veraldinnar vegna þess að hann eyðir deginum að mestu í leit að mat.

Framsetning endaloka með eldi, flóðum eða öðrum náttúruhamförum svo og með hegðun manna eru einkennandi í fornum goðsögnum.

Í Goðsögnum um heimsendi eru lýst endalokum alheimsins og tortímingu hans. Oftast innihalda þær spár um endalok veraldarinnar. Í mörgum goðsögnum er sagt frá sköpun heimsins af einhverri guðlegri veru sem endurskapar í kjölfar eyðileggingar. Á slíkum tímum er sérhver vera dæmd af verkum sínum og þarf að undirbúa sig fyrir dvöl í paradís eða í hel. Goðsagnir af þessu tagi er að finna í kristni, íslam og einnig í Sóróisma. Í indóevrópskri goðafræði eru eldurinn og loka bardaginn tákn fyrir endalokin sem á sér samsvörun í germanskri goðafræði. Í goðsögnum Asteka er sagt að áður en heimurinn var skapaður af guði hafði hann verið skapaður tvisvar sinnum og eyðilagður jafn oft. Goðsagnir um tilkomu dauðans lýsa því hvernig dauðinn kemur til heimsins og hvernig menn eða goð nálgast dauðann. Í slíkum goðsögnum er langvarandi dauði ekki til staðar í heiminum en hann kemur fram vegna þess að menn gleyma reglum guðanna. Í Mósebók kemur dauðinn þegar fólk brýtur gegn vilja guðs.

4.1 Völuspá. Sköpun og endalok heimsins

Norrænu goðsögurnar eiga sér ævafornar indóevrópskar rætur. Þær segja frá sköpun heimsins, lífi og störfum guðanna, endalokum veraldarinnar og nýju upphafi. Rætur íslenskrar goðafræði liggja einnig djúpt í germanskri goðafræði en samt eru í henni margar vísanir í sköpunarsögur utan hins indóevrópska svæðis. Hugmyndin að miklum hita sem rennur saman við kulda til að skapa til líf gæti verið upprunnin á stað þar sem óvenjulegar aðstæður eru mögulegar. Ísfjöll á Íslandi gusu, spúðu út sjóðandi hrauni, eldi og gufu. Jöklar bráðnuðu og flóð runnu um dalina fyrir neðan (Littleton 2000:279).

Þegar heimurinn hafði verið skapaður sköpuðu goðin mannverur til að lifa í honum. Í norrænni goðafræði er Óðinn sagður hafa blásið lífsanda í Aski og Emblu, fyrstu mannverurnar. Sköpunarsaga fyrstu manna segir frá því að Óðinn og bræður hans

Villi og Vei gengu meðfram sjávarströnd og komu að tveimur mismunandi trjábolum, úr þeim sköpuðu þeir mann og konu sem þeir kölluðu Ask og Emblu. Goðin gáfu þeim anda og líf, hreyfingu og andlit, tal, heyrn og sjón. Frá þessu fyrsta fólki komu allir þeir sem bjuggu í Miðgarði.

Goðsagnir um sköpunina í Snorra-Eddu og Völuspá skýra uppruna jarðar og alheims en þær eru ólíkar. Út frá norrænni goðafræði er ekki auðvelt að lýsa sköpun heimsins í smáatriðum, það er nánast ekki hægt að draga upp klára mynd frá skýringum í þeim.

Í Völuspá lyfta goðin jörð úr hafi en í Snorra-Eddu skrifar Snorri að jörðin hafi verið sköpuð úr hinni fyrstu veru Ými (Sölvi Sveinsson 2006:91-92). Óðin og bræður hans, Vili og Vé drápu Ými og mótuðu sjálfa veröldina úr honum. Jörðina bjuggu þeir til úr líkamanum hans, björg og fjöll úr beinum, úr tönnunum urðu grjót, urðir og fjörusteinar til. Úr hárinu gerðu þeir tré og runna. Sjórin varð til úr blóðinu en hauskipun notuðu þeir sem himinn en úr heila Ýmis urðu sjálf skýin til.

Völuspá er grundvallarkvæði í Konungsbók sem má skipta í tvo jafna hluta. Eins og nafnið Völuspá bendir til er spáin lögð í munn Völvu. Í fyrsta hluta þessarar goðsögu er lýst uppruna heimsins og helstu viðburðum í sköpunarsögu hans en hinir hlutarnir fjallar um áhrifamikil endalok veraldinnar. Það er ómögulegt að draga nákvæma línu milli þessara hluta, að greina hvar sköpunarsaga endar og spár Völvunnar byrja. Atburðir sem koma fram rétt í byrjun goðsagna um sköpun heimsins vísa líka til endaloka heimsins en báðar sögur um byrjun og endalok fallast svo eðlilega í faðma í spá Völvunnar og með því verður kvæðið að sumu leyti óskýranlegt fyrir nútíma lesendum.

Grunnhugmyndin Völuspár er að lýsa örlögum heimsins. Fyrsti hluti er skrifaður til að gera kvæðið fullkomið og til að skapa heilleiga frásögn. Fyrsti hluti er í raun formáli fyrir öðrum hluta sem lita má á sem heimsslitafræðilegan (e.eschatological) hluta kvæðisins.

Heimsslitafræðilegi þátturinn byrjar eftir lýsingu á dauða Baldurs sem er sonur æðsta goðsins, Óðins. Sú saga er ekki gjörólík því sem er sagt er frá í kristni og öðrum trúarbrögðum nútímans. Loki sem táknar hið illa er ábyrgður fyrir dauða Baldurs en einnig er hann faðir skrímsla sem munu drepa æsi í Ragnarökum. Gera má ráð fyrir að eftir dauða Baldurs sé byrjað að telja niður dagana til endalokanna.

4.2 Ragnarök. Spádómur um endalok heimsins

Meðal mikilvægra þátta í íslenskri goðafræði er heimsslitafræði. Íslensk goðafræði er gegnsýrð af hugsun um endalok veraldarinnar. Þekktasta íslenska heimsslitafræðilega kvæðið er Völuspá þar sem sagt er frá Ragnarökum – heimsendi. Í íslenskri goðafræði skipti stjörnuspeki og tímatal engu máli og eðlileg hringrás tímans var ekki til en tíminn og ævin runnu hratt til endalokanna. Ragnarök hafa það hlutverk að eyða gamla heiminum svo nýr og betri heimur geti myndast. Fyrirboði endalokanna skyldi vera Fimbulvetur sem stæði í þrjá vetur án sumra á milli (Gylfaginning 2006:228) en á undan þeim koma böll eins og fólksvíg, meinsvara og eyrarúnu komu fram og bræður, feðgar og frændur um alla veröld munu berjast. Tröllvaxnir úlfar ná sólinni og gleypa hana og tunglið, stjörnur hverfa af himni. Fjöll brotna og jörðin skelfur svo mikið að Fenrisúlfr og Loki losna úr böndum sínum. Hafið flæðir á land og Miðgarðsormur skriður upp á land og blæs eitri yfir loft og vötn. Svo rifnar himininn og Múspellssynir með Surt fremstan ríða inn og þegar þeir ætla yfir Bifröst brotnar brúin. Heimdallur blæs í Gjallarhornið til að vara goðin í Ásgarði við og Óðinn ásamt öðrum goðum gera sig tilbúna til orrustu og ganga fram á völlinn sem Vígríður heitir til að berjast á móti jötnum. Óðinn berst við Fenrisúlfr sem gleypir hann en síðar mun Víðar, sonur Óðins, drepa úlfinn. Heimdallur mun berjast við Loka og á endanum falla þeir báðir. Þór mun berjast við Miðgarðsorminn og nær að bana honum, þó ekki fyrr en Miðgarðsormurinn hefur blásið á hann eitri sem dregur Þór til bana (Gylfaginning 2006:230). Bardagi Freys og eldjötunsins Surts er táknrænn, þar sem frjósemin berst við eyðingaröflin (Sölvi Sveinsson 2006:230). Freyr berst við Surt og verður Surtur honum að bana svo varpar hann eldi yfir jörðina og brennir allan heiminn (Gylfaginning 2006:230). Eftir tortíminguna verður nýr heimur til. Jörðin rís á ný úr hafinu, græn og fögur og þar munu akrar vaxa ósánir. Ný sól rís á himni og nýtt mannkyn fæðist af Leifþrasi og Líf sem lifðu af með því að fela sig í Hoddmímisholti. Bræðurnir Baldur og Höður koma frá Hel og byggja upp nýjan heim ásamt goðunum Víðarri, Vála, Magna og Móða sem lifa af (Sölvi Sveinsson 2006:99).

Óháð því hver, hvenær og á hvaða efni Völuspá var skrifuð en það er enginn vafi á því að í þessu kvæði endurspeglast heimsslitafræðilegar skoðanir sem voru víða, að minnsta kosti á Íslandi en gætu líka hafa verið á hinum Norðurlöndum.

Slíkar skoðanir eru í mörgum öðrum kvæðum í Konungsbókinni og öðrum kvæðum, ljóðum og sögum fornra norska og íslenskra skálda. Næst Völuspá að stærð af

kvæðum í Konungsbókinni sem vísa til dauða guðanna er Vafþrúðnismál. Í kvæðinu keppir Óðin í visku við jötuninn Vafþrúðni og Heiðrek konung. Óðinn dylst sem Gagnráður og undir nafninu Gestumblindi í Hervarar sögu og Heiðreks (Littleton 2000:318).

Völuspá og Vafþrúðnismál eru ólík að gerð og einnig frá sjónarhorni heimsslitafræði af því að í Vafþrúðnismálum er ekki lýst endalokum veraldarinnar í heild en samt er vísað til þeirra í samhengislausum brotum (Simek 1993:197).

4.3 Aðilar Ragnaraka og boðberar þeirra

Augljóst ætti að vera að fimmta frumefnið (I: *Quinta essentia*) í Ragnarökum er tilkoma Loka og afkvæma hans sem eru helstu tortímingaröflin í norrænni goðafræði. Stundum er sagt frá Loka sem bakhlið Óðins (Platov 2002:125-137) eins og kaótísk óreiða er bakhlið krafts og orku.

Það er ekki að undra að Loki, sem er af Jötnaættum, býr meðal ása og er jafnvel stundum kallaður sem ás. Þetta gæti útskýrt hvernig illska eyðileggur orku að innan eins og fúinn trjábólur sem grotnar niður að innan. Engan þarf að undra að Æsir sjálfir ólu upp Fenrisúlfr sem er einn helsti óvinur manna og guða í Völuspá. Tilkoma hans markar upphaf síðustu daga heimsins því hann mun berjast við æsi í Ragnarökum og mun vega Óðin. En úlfar af ætt Fenrisúlfrs gleypa sól og mána í Ragnarökum. Jörmungandur eða Miðgarðsormur sem Óðinn kastaði beint í sjóinn af og óx síðan svo að hann liggur í kringum öll lönd og bitur í halann á sjálfum sér mun drepa Þór með eitri sinu. Allt þetta getur talist sem allegoría þar sem orkan sjálf vekur upp óreiðu. Æsir drepa ekki Fenrisúlfr því það er ekki hægt að drepa hann eins og ekki er hægt að eyða óreiðu.

Ein af fyrstu forsendum Ragnaraka eru fólksvíg (Völuspá 2008:16). Eftir hrun borgaraveggsins um Ásgarð gerðu goðin samning við borgarsmið af jötnaættum um að byggja vegginn upp á nýtt. Æsir sviku þá eiða sem þeir gáfu borgarasmiðnum og Þór drap hann (Sölvi Sveinsson 2006:90). Það er mikilvægt að hafa í hug hversu merkilegir samningar og svardagar voru því fylgni við þá er grundvöllur heimsmyndarinnar. Eiðrof verða ekki fyrirgefni hvorki meðal manna né goða. Goðin sem herrar heimsins hafa brugðist og spilling þeirra hlýtur að bitna á mannkyninu. Goðin hafa nú lent á óheillabraut og eru byrjuð að feta veginn til glötunar.

Baldur er sá eini af ásum sem var tákn fyrir hreinleika og fegurð og ekkert nema gott er sagt frá honum. Hann er óvenjulega fallegur, bjartur, vitur, málsnjallur og er góði ásinn. Dauði hans var hræðilegt áfall fyrir æsi. Baldur fór til Heljar – neðanjarðar ríkis

dauðra, en æsir geta ekki gert neitt til að bjarga honum, þrátt fyrir allar tilraunir þeirra. Í skipulagi þessarar heimsmyndar gat Baldur ekki komið aftur. Dauði hans er fyrsta óréttlætið í heiminum sem ekki er hægt að leiðrétta án þess að heiminum verði eytt og öllum lögum hans og síðan endurbyggður sem betri staður fyrir alla.

Eftir lýsinguna á dauða Baldurs er kvæði fullt af heimsslitafræðilegu myndmáli. Það er ekki nákvæmlega skrifað að þessar myndir eru af fyrri heiminum, heiminum sem er í nútíð en ekki þeim sem verður í framtíðinni, en í raun fjallar þær allar um eitt – annað hvort sagt er frá Loka sem var bundinn og beið dauða ása undir Hveralundi, eða frá ánni sem er full af söxum og sverðum eða frá orma sem hlykkjast um salinn og þekja hann að innan (Völuspá 2008:19-20). Ástæðan fyrir því að ekki hægt að greina fortíð, nútíð og framtíð í kvæðinu nákvæmlega er sú að atburðir í fornkvæðum voru ekki tímabundnir. Tákn fyrir nálgun endalokanna byrja að koma smám saman fram rétt fyrir dauða Baldurs.

Hugleiðingar um endalokin verða síðan sterkari stig af stigi og leiða til síðasta bardaga í heiminum. Heimsslitafræðilegur hluti kvæðisins byrjar á frásögn af fæðingu Fenrisúlfs sem mun berjast við æsi í Ragnarökum og gleypa Óðin. Fenrisúlfur var fæddur í jötunheimum skömmu áður en ragnarök hefjast. En úlfar af ætt Fenrisúlfs gleypa sól og mána í Ragnarökum (Völuspá 2008:16). En ekki er síst merkilegt að faðir Fenrisúfs er Loki en systkini hans voru Miðgarðsormur og Hel – verur myrkursins.

Þrír hanar í jötunheimum, Valhöll og solum Heljar galar hver í kapp við annan. Gal þeirra sýnir vel glundroðann í veröldinni.

Freyr missir sverð sitt, sem er frjósemis tákn, en það er táknrænn atburður. Samkvæmt Völuspá það er ekki er fullkomlega skýrt hvernig missir sverð Freys. Spáir Völvunnar eru aðeins brot af sagnaarfi sem er flókin og myrkur. Margt er í óvissu en táknrænn bakgrunnur er að mörgu leyti augljós. Eins og áður var sagt er bardagi Freys og eldjötunsins Surts táknrænn, þar sem frjósemin berst við eyðingaröflin (Sölvi Sveinsson 1993:67).

Í Völuspá birtist Loki í ólíkum hlutverkum en þannig í persónu hans hefur afl óreiðunnar safnast saman – hann leiðir dauða frá Helju, stýrir Naglfari með Múspellsyni og loksins berst hann við Heimdall.

Síðustu merkilegustu atburðir í orrustunni eru þáttur Óðins – alföðurins sem er drepinn af Fenrisúlfi og Surts sem getur ekki unnið orrustur en eyðir heiminum með eldi. Óreiðan sigrar og það virðist sem allt sé búið. En það kemur í ljós að það er aðeins hringrás sem er lokið og ný mun hefjast. Sólin mun fæða dóttur og jörðin mun endurrísa.

5. Goðsagnir um enda veraldar í öðrum trúarbrögðum

5.0 Norrænu fjölgyðistrú, eingyðistrú og algyðistrú

Norræn goðafræði flokkast undir fjölgyðistrú – trú á marga guði, goð eða guðlegar verur. Í fjölgyðistrúarbrögðum eru guðir yfirleitt sýndir sem margbrotnar verur með sérstaka hæfileika. Í eingyðistrú svo sem t.d. kristni, íslam og gyðingdómi er aðeins til einn Guð og allt í heimi er í hans valdi. Þetta er eitt þeirra atriða sem skilur norræna trú frá trúarbrögðum eins og kristni eða íslam.

Norrænu goðin eru að mörgu leyti ólík Guði kristinna manna og aðal munurinn er sá að hin norrænu goð eru ekki skaparar veraldarinnar og ekki alltaf almáttugir eða alvitrir eins og Guð í eingyðistrú. Þvert á móti koma þau fram sem manneskjur, svikular, óáreiðanlegar og breyskar, þó með yfirnáttúrulega krafta þar sem hvert goð hefur sitt hlutverk. Stundum þurftu vanmáttug goðin að fórna ýmsu til að öðlast sérstaka hæfileika, auka mátt sinn. Óðinn hefur látið annað auga sitt fyrir visku, Týr missir höndina þegar hann bjargar heiminum og skilja má samkvæmt Völuspá að Heimdallur, vörður goðanna, sé heyrnarlaus (Ármann Jakobsson 2010:30). Þrátt fyrir að goðin í Ásgarði fórnir ýmsu eru þau samt sterkari en menn í Miðgarði. Sjónleysi, heyrnarleysi og málleysi goðanna minnir á að þau eru ekki almáttug og munu sum sigruð í Ragnarökum gagnstætt hinum kristna Guði sem er eilífur.

Norræna fjölgyðistrú minnir á algyðistrú vegna fjölda goðanna, þó er munurinn á milli þessara tveggja tegunda trúarbragða augljós. Algyðistrú eins og t.d. hindúatrú gengur út frá því að guð sé allt í öllu og er alls staðar sem líkist meira aðal hugmynd kristinnar trúar. Munurinn er sá að í kristinni trú er Guð almáttugur, allt tilheyrir Guði sem er allsstaðar en í algyðistrú er guð eða guddómurinn ópersónulegur kraftur eða einskonar alheimssál sem gegnsýrir allt og alla.

Hindúismi sem er flokkaður undir algyðistrú hefur á sama hátt og norræn fjölgyðistrú fjölda guða en aðal munurinn er sá að í norrænu fjölgyðistrúnni eru margir guðir sem hafa sérstök hlutverk og krafta en í algyðistrú eru guðirnir sagðir vera mismunandi birtingarmyndir af alheimssálinni, Brahman.

Þrátt fyrir að kristni sé flokkuð undir eingyðistrú er hún lík fjölgyðistrú og algyðistrú vegna heilagrar þrenningar sem er ein mikilvægasta hugmyndin í kristinni trú og felur í sér Föðurinn, Soninn og Heilagan anda. Þrír guðir hindúatrúar eru oft nefndir sem hin hindúíska þrenning – Brahma sem er ábyrgur fyrir sköpun, Vishnu -

sem er ábyrgur fyrir viðhaldi og Shiva sem er ábyrgur fyrir eyðingu heimsins og endurbyggingu (Littleton 2000:332-337). Út frá því má gera ráð fyrir að Brahma samsvari Föðurnum þar sem báðir eru skaparar; Vishnu er líkur syni Guðs þar sem báðir eru ábyrgir fyrir viðhaldi mannkynsins á jörðunni; og Shiva svipar til heilags anda af því að eyðing og eilífð ráðast af eyðingu andlegra viðhorfa hvers og eins.

5.1 Ragnarök í samanburði við kristilegar hugsanir um heimsendi.

Í Biblíunni er sérstök bók um heimsendi sem heitir Opinberun Jóhannesar eða Opinberunarbókin sem minnir um margt á Völuspá. Opinberunarbókin er síðasta rit Nýja testamentisins, hún lýsir á nákvæman en táknrænan hátt hvernig þessi heimur muni líða undir lok og nýr heimur koma í staðinn. Jóhannes skrifaði bókina eftir að hann sá engill sem birtist honum en þetta er alls ekki einn atburður líkt og í goðsögum um enda veraldar í Ragnarökum og *Apocalypse* eða dómsdegi í kristinnar trú.

Dómsdagsspáin í texta Nýja testamentisins er sett fram almennt með þeim hætti að upp muni renna lokadagur þessa heims, dómsdagur. Þá muni Kristur koma til jarðarinnar, ekki í gervi hins þjáða þjóns, heldur sem allsherjardómari er dæmir menn eftir verkum þeirra (Hjalti Hugason 2004). Í kristinni trú eins og í norrænni trú er engin nákvæm dagsetning fyrir endalok heimsins.

Svipaðar sögur í goðsögum ólíkra trúarbragða eru aldrei eins. Án efa geta þeir sem reyna að bera saman og túlka tvær svipaðar goðsögur ólíkra þjóða bætt við eigin skýringum og persónulegri túlkun. Nákvæmt og rétt svar um það hvort goðsagnir eigi einn uppruna er ekki til en það er alltaf hægt að líta á staðreyndir á grundvelli goðafræðinnar.

Boðun Krists er að mörgu leyti heimsslitafræðileg og er smituð af hörmungum af lokas daganna og að sama skapi hugsunum um tilkomu nýrrar aldar, nýs upphafs. Í raun er guðspjallið viðvörun um komandi umbyltingu heimsins og einnig fræðsla um hvernig á að undirbúa sig fyrir þessar breytingar. Aðalþema í kristinni heimsmynd er þema dómstólsins og makleg málagjöld sem munu verða eftir Harmagedón –síðasta orrustu á milli góðs og ills.

Opinberunarbókin hefur margar hliðstæður við hina fornu Eddu. Fyrst og fremst staðfræðin, bæði Ragnarök og Harmagedón munu gerast á völlum. Völlurinn þar sem hin mikla úrslitaorrusta í kristinni trú mun standa heitir Harmagedón (*Opinberun Jóhannesar* 1997: 16.16) en í Eddukvæði heitir völlurinn Vígríðr .

Samkvæmt Eddu mun eftir Ragnarök koma upp nýr heimur á jörðinni með dygðug goð eins og Baldur og fáeinir sem lifðu af tortímingu mannkynnsins lífa áfram í hinum nýja Miðgarði. Í Ásgarði munu endurrísa synir Óðins og Þórs með Mjölni. Persónulýsingar Baldurs, sonar Óðins, og Jesú Krists eru líkar. Í Opinberunarbókinni er sagt um Krist að „Höfuð hans og hár var hvítt, eins og hvít ull, eins og mjöll, og augu hans eins og eldslogi“ (*Opinberun Jóhannesar* 1997: 1.14) en í Eddukvæðum er fjallað um Baldur sem hinn hvíta guð. Þannig má segja að endurkoma Jesú Krists sé ef til vill ekkert annað en endurkoma Baldurs í Eddu og Harmagedón speglar baráttuna við afkvæmi Loka.

Spár Jesu Krists um komandi endalok og dómsdag í Guðspjalli er að miklu leyti samsvarandi spádómum Völvunnar, ræðum Vafprúðnis eða Hyndlu og einnig öðrum heimsslitafræðilegum sögum og hugmyndum í Eddu.

Hliðstæður í söguþræði Ragnaraka og *Apocalypse* eða dómsdags eru settar fram í eftirfarandi töflum. Fyrsta tafla sýnir „Samanburð á umhverfi rétt fyrir Ragnarök og Harmagedón.“ Áhersla er á það sem er líkt í náttúru og umhverfi þrátt fyrir yfirvofandi endalok heimsins:

Nýja testamentið	Völuspá
„...frumefnin sundurleysast í brennandi hita og jörðin og þau verk, sem á henni eru, upp brenna.“ (<i>Síðara Pétursbréf</i> 1997: 3.10).	„Geisar eimi við aldurnara, leikur hár hiti við himin sjálfan.“ (Völuspá 2008:26). „Surtur fer sunnan með sviga lævi, skín af sverði sól valtíva.“ (Völuspá 2008:25).
„...mikill landskjálfti varð...og hvert fjall og ey færðist úr stað sínum.“ (<i>Opinberun Jóhannesar</i> 1997: 6.12-14).	„Grjótbör gnata, en gífur rata, troða halir helveg.“ (Völuspá 2008:24).
Elding leiftrar og lýsir frá einu skauti himins til annars (<i>Lúkasarguðspjall</i> 1997: 17.24).	„himinn klofnar“ (Völuspá 2008:24).

„...sólin varð svört sem hærusekkur, og allt tunglið varð sem blóð. Og stjörnur himinsins hröpuðu niður á jörðina eins og þegar fikjutré.“ (<i>Opinberun Jóhannesar</i> 1997: 6.12-13).	„Sól tær sortna.....hverfa af himni heiðar stjörnur.“ (Völuspá 2008:26).
--	--

Tafla 2

Samanburður á umhverfi rétt fyrir Ragnarök og Harmagedón.

Í annari töflu, „Þátttakendur í Ragnarökum og Harmagedón“ er gefin samanburður á milli viðburða sem eru tengdir þátttakendum í endalokum heimsins:

Nýja testamentið	Edda
Antíkristur vinnur yfir heilögu (<i>Opinberun Jóhannesar</i> 1997: 13.6).	Æsir deyja í orrustu við skrímsli.
Fjandskapur milli manna, lögleysi magnast, menn mun hata og ofsækja og svíkja hver annan (<i>Matteusarguðspjall</i> 1997: 24.10-12). Bróðir mun selja bróður í dauðann (<i>Matteusarguðspjall</i> 1997: 10.21).	„Bræður munu berjast / og að bönum verðast, / munu systrungar / sífjum spilla; / hart er í heimi, / hórdómur mikill, / skeggöld, skálmöld, / skildir eru klofnir, / vinöld, vargöld, / áður veröld steypist, / mun engi maður / öðrum þyrma.“ (Völuspá 2008:22).
Höfuðengils raust og mun hljóma við endurkomu Krists (<i>Fyrri Þessaloníkubrэф</i> 1997: 4.16) og einnig koma hagla og eldurins á jörðina eru básúnaðar (<i>Opinberun Jóhannesar</i> 1997: 8.6-13).	„Hátt blæs Heimdallur, horn er á lofti.“ (Völuspá 2008:22-23). Hann blæs í hornið og tilkynnir eftirfarandi orrustu.
Höggormurinn er djöfull og Satan og batt var hann um þúsund ár. Þegar þúsund árin eru liðin, mun Satan verða leystur úr fangelsi sínu. (<i>Opinberun Jóhannesar</i> 1997: 20.2-7).	Fenrisúlfr losna úr fjöturum sínum.

Dýr með tíu horn og sjö höfuð, stíga upp af hafinu (<i>Opinberun Jóhannesar</i> 1997: 13:1).	Miðgarðsormur sem liggur í hafinu.
Konungar sem eru safnaðir saman til stríðsins mun koma úr austri (<i>Opinberun Jóhannesar</i> 1997: 16.12-16).	Í síðasta bardaga koma skrymsli og skip jötna úr austri.

Tafla 3

Þátttakendur í Ragnarökum og Harmagedón.

Jötunninn Surtur er persónugerving óreiðu og hins illa. Hann situr með logandi sverð á landamærum hins eldheita Múspellsheims og að lokinni orrustunni slær hann eldi yfir jörðina og brennir allan heiminn. Surt má bera saman við Mikael sem er erkiengil með logandi sverð, sem var vörður á himni kristinna manna. Merkilegt er það atriði að Mikael er erkiengillinn og stundum er Satan kallaður fallinn erkiengill en í Eddu er Surtur persónugervingur Loka sem er tákn hins illa á sama hátt og Satan í kristinni trú.

Eftir dauða ása í lokabardaganum brennur heimurinn í eldi þegar eldjötunninn Surtur kemur úr Múspellsheimi og ríður hann um jörðina með glóandi sverði og brennir jörðina. Heimurinn mun ganga í gegnum eldhreinsun til þess að endurnýjast og rísa upp aftur sem betri heimur. Heimurinn eyðileggst í eldi bæði í Ragnarökum og *Opinberabókinni*. Hreinsunareldurinn er tákn fyrir endurnýjun í báðum sögunum um heimsendir.

Myndirnar eru svipaðar: himininn eyðist, stjörnurnar falla á jörðina, eldur brennir alheiminn, o.fl. En merking atburðanna gæti verið mismunandi og einnig frekar gagnstæð. Af einhverjum ástæðum er alveg ómögulegt að finna rannsóknir á því hvers vegna goðsagnir af þessu tagi eru svo ólíkar. Áherslan er lögð á að í hinum kristnu endalokum heimurins eru þau birtingarmyndin af reiði Guðs en fyrir heiðingjanna eru endalokin afleiðing af innrás óreiðunnar og afla hennar. Í Ragnarökum er sagt frá hegningum og kvalastað ekki bara fyrir goð heldur einnig vonda menn. Gætir þar áreiðanlega kristinna áhrifa. Hel virðist sniðin eftir hugmyndum kristinnar um refsingar í öðru lífi vegna misgjörða í þessu lífi. Vert er að minnast þess hér að goðin hafa gerst sek um sömu glæpi og misindismennirnir. Þau hljóta því einnig að þurfa að taka út sinn dóm (*Völuspá* 2008:20) en í kristinni trú eru

aðeins syndarar meðal manna sem verða dæmdir, þeir verða fyrir refsingu Guðs. Mikilvægt er að minnast þess að í heiðinni heimsslitafræði gætir að sumu leyti óbundinna skilyrða. Í kristni eru til upphafið og endalok veraldarinnar en í heiðnum sið á alheimurinn sér ekkert upphaf og engan endi en allt er endurtekið í eilífri hringrás.

Aðalþemað í norrænni heimssendafræði tengist vissulega síðasta bardaganum. Með örlögum er átt við að menn og guðir munu sigra í þessari baráttu eftir að hafa drepið skrímsl myrkursins. Hörmuleg örlög bardagamanna eru vituð fyrirfram. Þrátt fyrir allt býður Óðinn hernum að berjast en veit að dauðinn bíður hans í gini úlfsins. Allir stríðsmenn vita að þeir eru að berjast í síðasta sinn þegar dauðinn er nálægt. Þeir eru ekki að gera þetta til að vinna eða fyrir herfang því að í bardaganum er ekki mikilvægt að sigra heldur vera sannur við sjálfan sig og örlög sín. Þessi skortur á sigurvilja er ekki útlagður sem slæm örlög heldur sem forsenda hreinsunar og endurnýjunar, vilja að lifa í nýjum óspilltum heimi.

Í eftirfarandi töflu er gefið stuttur samanburður milli kristinnar trúar og norræni trúar sem loka niðurstöður kaflans:

	Kristin trú	Norræn trú
Hverjir eru tilbúnir og vænta endalok heimsins	Syndarar og djöfullinn. Heimurinn er góður fyrir þá.	Goðin. Þeir vita að þeir munu deyja, þó fórna lífi sínu.
Breytingar í náttúrunni	Engisprettur mun koma niður á jörðina. Ýmsar breytingar á þáttum tunglsins og sólarinnar	Breytingar á þáttum tunglsins og sólarinnar. Óvenju langur vetur.
Dagsetning endaloksins	Ekki er vituð. Endalokin mun koma þegar hið illa sigra hið góða.	Ekki er vituð. Endalokin koma þegar illska í alheiminum sigrar.
Hverjir munu deyja	Syndarar.	Menn og goðin.
Tilgangur endalokanna	Hljóta makleg málagjöld.	Hreinsun og endurnýjun.

Tafla 4. Samanburður milli kristinnar trúar og norrænni trúar.

5.2 Nútíma goðsagnir um heimssendi

Frá fornöld hafa menn haft tilhneigingu til þess að leita þeirra guða sem þeir trúá á sérstaklega á erfiðleikatímum. Menn leituðu hjálpar og leiðbeininga í erfiðleikum sem komu upp. Það hefur alltaf verið þannig og það mun sennilega aldrei breytast. Frá fornu fari hafa menn trúað á yfirnáttúruleg öfl sem bjuggu yfir ofurmannlegri þekkingu og gátu veitt þeim góðan stuðning og hjálp til að sigrast á erfiðleikum og hinu illa í daglegu lífi þeirra.

Auk goðsagna um sköpun og þróun heimsins s.s. sem sagt er frá í Biblíunni og Snorra-Eddu eru á okkar tímum margar áhugaverðar tilgátur um sköpun veraldarinnar sem byggðar eru á rannsóknum náttúrufræðinga, stjörnufræðinga, sagnfræðinga eða sérfræðinga og áhugamanna um allt á milli himins og jarðar. Heimurinn er fullur af óskiljanlegum verum og fyrirbrigðum en á öllum tímum tilverunnar á jörðinni hafa orðið atburðir sem er ekki hægt að útskýra fullkomlega. Í dag eru á kreiki margar óstaðfestar sögur um fljúgandi furðuhluti, rannsóknir á heimsóknum frá öðrum stjörnum sem sinnt er af áhugasömum einstaklingum og leynilegum rannsóknarstofum. Án efa er þetta er ein af aðalástæðum fyrir því að skapa nýja goðsögur um heimssendi skapast sem einnig taka breytingum í takt við tímum. En í raun takast nýjar goðsögur um endalok veraldarinnar á við það sama – ótta við ófyrirsjáanlega framtíð.

Mannkynnið reynir ennþá að búa til goðsögur um endalok heimsins sem minna á sögur um heimssendi í Opinberunarbókinni, Ragnarökum og mörgum öðrum helgiritum þar sem fjallað er um heimssendi sem innrás kraftmikilla „guðlegra“ vera frá himnum ofan eða utan úr geimnum til að berjast á jörðinni við sína eigin ætt eða aðrar og einnig að mannkynið styðji þá. Mönnum finnst að þesskonar innrás frá himnum muni leiða til hræðilega eyðileggjandi stríðs sem gæi leitt til skelfilegra hamfara, þjáningu fólks og mikillar eyðileggingar alls lífs á jörðinni en með þessu hefði opnast nýtt tímabil í sögu mannkyns. Einnig þekkjast eru hugmyndir manna um að heimurinn mun farast vegna hörmunga eins og t.d. jarðskjálfta, loftsteina, eldgosa, flóða eða skjálftaflóðbylga sem munu hefjast á sama tíma um alla jörðina.

Ekki er langt síðan farið var að kynna endalok veraldar samkvæmt dagatal Maya-índíána. Milljónir manna útum allan heim biðu eftir heimssendi þá. En þegar það kom í ljós að heimurinn myndi ekki farast, þá byrjaðu menn að búa til nýja dagsetningu fyrir heimssendi.

Lokaorð

Í aldraðir hefur mannkynið beðið eftir endalokum heimsins. Nýjar hugmyndir um hvernig endalokin birtast eru settar fram og dreift milli manna sem oft leiðir til ótta og skelfingar. Hver stór atburður í heiminum hvort sem það eru aldamótin, yfirvofandi árekstur halastjörnu eða næsti sólmyrkvi, eru mönnum vísbendingar um endalok veraldarinnar.

Endalok veraldar! Ógnvekjandi orðin fyrir nær alla menn. En það er mikilvægt að greina hvað þau fela í sér; - náttúruhamfarir, tortímingu mannlegs samfélags eða eyðingu andlega viðhorfa hvers og eins.

Reynsla undangenginna kynslóða hefur sýnt mannkyninu að veröldin heldur áfram að þróast á ómeðvitaðan hátt og það er næstum því ómögulegt að ljóstra upp leyndarmálum hennar, hvað framtíð ber í skauti sér. Í nútímanum, á meðan mannkynið spáir ítrekað fyrir um endalok veraldarinnar og fólk bíður spennt eftir heimsendi sem mun kannski verða eða kannski ekki verða og þá ef til vill seinna, eru vaxandi ofbeldi, spilling, græðgi og glæpir. Ótrúlegt en satt að þessar yfirsjónir eru forsenda heimsenda eins og honum er lýst í spá Völvunnar, *Bíblíunni* og öðrum trúarritum. Í hverri heimsendaspá er ákall til mannkynsins um að huga að siðferði sínu og að hugsa um gjörðir sínar.

Siðvenjur, hefðir, sagnir, reynsla og staðreyndir – allt þarf þetta að vinna saman. Síðast en ekki síst er samfélaginu mikilvægt að hafa trú – á Guði, á sjálfum sér, á góðmennsku eða á framtíðinni. Trú er það sem gerir eilíft líf mögulegt.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir

- Ármann Jakobsson. 2010. *Bókmenntir í nýju landi*. Bjartur, Reykjavík.
- Bæksted, Andres. 1986. *Goð og hetjur í heiðnum sið*. Eysteinn Þorvaldsson íslenskaði. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf, Reykjavík.
- Einar Laxness. 1995. *Íslandssaga I. Bindi a-h*. Vaka - Helgafell hf, Reykjavík.
- Gísli Sigurðsson. 2000. *Gaelic Influence in Iceland: Historical and Literary Contacts. A Survey of Research*. University of Iceland Press, Reykjavík.
- Gylfaginning. 2006. *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu í útgáfu Guðrúnar Nordal*, bls. 167-236. Sölvi Sveinsson. Bjartur, Reykjavík.
- Hjalti Hugason og Jón Hnefill Aðalsteinsson. 1988. *Íslensk þjóðmenning V, trúarhættir. Norræn trú, kristi, þjóðtrú*. Bókaútgáfan þjóðsaga, Reykjavík.
- Ingvar Sigurgeirsson Ólafur H. Jóhannson, Ragnar Gíslason, Sigþór Magnússon og Guðmundur Ingi Leifsson. 1982. *Landnám Íslands*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Littleton, C. Scott (ritstj.). 2000. *Mythology. The Illustrated anthology of world myth & storytelling*. Duncan Baird Publishers, London.
- Mörður Árnason (ritstj.). 2010. *Íslenskri orðabók*. Forlagið, Reykjavík.
- Platov A. 2002. *Магические искусства древней Европы*, Sofia.
- Sölvi Sveinsson. 1993. *Guðirnir okkar gömlu*. Iðunn, Reykjavík.
- Sölvi Sveinsson. 2006. *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu í útgáfu Guðrúnar Nordal*. Bjartur, Reykjavík.
- Völuspá. 2008. *Ormurinn Langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900*, bls. 10-28. Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson, Ólafur Oddson. 2008. Bjartur. Reykjavík.

Rafrænar heimildir

- Eyja Margrét Brynjarsdóttir. 2002. Eru margir men heiðnir? *Lesbók Morgunblaðsins*, 23. Nóvember. Sótt 2.mars 2013 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3527299
- Guðrún Gísladóttir. 2000. Tilheyrir Ísland raunverulega Skandinavíu eða er það bara talið með Norðurlöndunum vegna skyldleika? *Vísindavefurinn*. Sótt 17. maí 2013 af <https://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=957>

- Hjalti Hugason. 2004. Hvað er dómsdagur kristinna manna? *Vísindavefurinn*. Sótt 17.maí 2013 af <http://www.visindavefur.is/svar.asp?id=4233>
- Lúkasarguðspjall. 1997. *Netútgáfan og Hið Íslenska Biblíufélag*. Sótt 2. Júlí 2013 af <http://www.snerpa.is/net/biblia/lukas.htm>
- Matteusarguðspjall. 1997. *Netútgáfan og Hið Íslenska Biblíufélag*. Sótt 2. júlí 2013 <http://www.snerpa.is/net/biblia/matteus.htm>
- Opinberun Jóhannessar. 1997. *Netútgáfan og Hið Íslenska Biblíufélag*. Sótt 10. júlí 2013 af <http://www.snerpa.is/net/biblia/opin.htm>
- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Konungsbók Eddukvæða. Sótt 2. maí 2013 af http://www.arnastofnun.is/page/thekkthandrit_Sn.Edda
- Wikipedia*. Síðast uppfærð 2013. List of religious populations. Sótt 1.apríl 2013 af http://en.wikipedia.org/wiki/List_of_religious_populations
- Wikipedia*. Síðast uppfærð 2013. Major religious groups. Sótt 1.apríl 2013 af https://en.wikipedia.org/wiki/Major_religious_groups
- Wikipedia*. Síðast uppfærð 2013. Trúarbrögð. Sótt 1.apríl 2013 af <http://is.wikipedia.org/wiki/Trúarbrögð>